

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjóð Guðmundar Andréssonar, gullsmiðs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 2. október 1969. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Guðmundar J. Andréssonar, gullsmiðs.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöf Guðmundar J. Andréssonar, gullsmiðs, 24. júní 1968 að fjárhæð kr. 100 000.00 í verðtryggðum spariskirteinum, og síðan við hann aukið samkvæmt ákvæðum erfðaskrár Guðmundar heitins, dags. 11. október 1968, en hann andaðist 11. nóvember 1968. Eignir dánarbús Guðmundar heitins eru nú undir skiptum. Meðan eignum þessum hefur ekki verið komið í verð, er rektor og háskólaritara falið að gæta hagsmuna sjóðsins fyrir hönd háskólaráðs.

2. gr.

Háskólaráð varðveitir sjóðinn, og skal það gert eftir því, sem unnt er í verðtryggðum eignum. Háskólaráð hefur á hendi alla stjórn sjóðsins og ræður styrkveitingum úr honum. Endurskoða skal reikninga sjóðsins með sama hætti og reikninga annarra sjóða, sem Háskóli Íslands á.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal aldrei skerða, en tekjur hans skal nota til styrktar efnilegum stúdentum og kandidötum, ættuðum úr sýslunum umhverfis Breiðafjörð, til náms eða rannsókna við Háskóla Íslands, eða í frambaldi af námi þar. Meðan eignum sjóðsins hefur ekki verið komið í verð, er þó heimilt að úthluta árlega allt að kr. 100 000.00, þótt beinar tekjur sjóðsins kunni að vera lægri. Heimilt er að úthluta í einu lagi tekjum fleiri ára, ef fjárveiting hefur fallið niður.

4. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í Árbók Háskólans.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um sýsluvegasjóð í Norður-Ísafjarðarsýslu,
nr. 232 6. október 1964.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

- a. Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- b. Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- c. Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.